

Sunnudagur 1. október

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.45 **Samnorraen guðspjónusta frá Vadstena í Svíþjóð.** Herra Mart-in Lönnebo prédikar, Vadstena kirkjukór syngur undir stjórn Torsten Holmberg. Þýðandi Borgþór Kærnested. (Nordvision - Sænska sjónvarpið).
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Tákn málsfréttir.**
- 18.55 **Brauðstrit** (Bread). Breskur gamanmyndaflokkur um breska fjölskyldu sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysis og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 **Anna í Grænuhlíð giftist** (Anne of Green Gables - the Sequel). - Seinni hluti. Aðalhlutverk Megan Follows, Colleen Dewhurst og Wendy Hiller. Þýðandi Yrr Bertelsdóttir.
- 22.40 **Fólkið í landinu.** - Í grjóttinu heima. Ævar Kjartansson í heim-sókn hjá Páli Guðmundssyni myndlistarmanni á Húsafelli.
- 23.00 **Lorca - dauði skálds** (Lorca, Muerte de un Poeta). - Lokapáttur. Spænsk/ítaliskur myndaflokkur í sex þáttum. Leikstjóri Juan Antonio Bardem. Aðalhlutverk Nickolas Grace. Þýðandi Steinar V. Arnason.
- 23.55 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 9.00 **Gúmmibirnir.** Teiknimynd.
- 9.25 **Furðubúarnir.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 9.50 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.05 **Perla.** Teiknimynd um Perlu og ævintýrin sem hún lendir í.
- 10.30 **Draugabarnar.** Spennandi teiknimynd.
- 10.55 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
- 11.20 **Köngullóarmaðurinn.** Teiknimynd.
- 11.40 **Tinna.** Bráðskemmtileg leikin barnamynd.
- 12.10 **Rás guðs** Pray TV. Mynd þessi fjallar um ungan húsgráðan prest sem lendir í slagbogi við hörku sjónvarpsprédikara. Aðalhlutverk: John Ritter, Ned Beatty, Richard Kiley og Madolyn Smith. Leikstjóri: David Markowitz.
- 13.50 **Undir regnboganum.** Chasing Rainbows. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í sjö hlutum. Annar þáttur, endurtekinn frá síðastliðnu þriðjudegskvöldi.
- 15.30 **Frakkland nútímans.** Aujourd'hui en France. Fyrsti þátturinn af fimmtán í bráðskemmtilegri og einkar fróðlegri þáttaröð um Frakkland nútímans. Í þessum fyrsta verður meðal annars Lou-leiðo verslanaðgjafinn gerð skil en hún samanstendur af 120 verslunum og eru 35 þeirra staðsettar í París. Einnig verður fjallað um franska ljóðskáldið og lithöfundinn Leo Malet sem nú er átt-ræður að aldi.
- 16.00 **Heimshornarokk.** Big World Café. Frábærir tónlistarþættir þar sem sýnt verður frá hljótleikum þekktara hljómsveita. Annar þáttur af tíu.
- 17.00 **Mannslíkaminn.** Living Body. Vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
- 17.30 **Hundar og húsbændur.** Hunde und ihre Herren. Seinni hluti þáttar þar sem saga hundsins er rakin.
- 18.00 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón Björgulfr Lúðvíksson.
- 19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni liðandi stundar.
- 20.00 **Svaðilfarir í Suðurhötum.** Tales of the Gold Monkey. Spennandi framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowall og Jeff Mackay.
- 20.50 **Hercule Poirot.** Þeir Poirot og Hastings fást hérna við mjög dularfullt barnsrán. Þegar þeir ákveða að skoða málið nánar hefur ránið ekki enn verið framið heldur einungis borist hótar. Aðalhlutverk: David Suchet og Hugh Fraser.
- 21.45 **Svik og daður.** Love and Larceny. Kanadísk framhaldsmynd. Lokapáttur. Aðalhlutverk: Jennifer Dale, Douglas Rain, Kenneth Carver og Sheila McCarthy.
- 22.35 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
- 23.20 **Skilnaður.** Ástarsaga. Divorce Wars: Love Story. Jack vinnur myrkurana á milli og má lítið vera að því að sinna fjölskyldunni. Þegar eiginkona Jacks krefst skilnaðar á hann erfið með

að gera sér grein fyrir því hvað í rauninni fór úrskeiðis og finnst eiginkona sín hafa of miklar væntingar til hjónabandsins. Aðalhlutverk: Tom Selleck, Jane Curtin og Candy Azzara.

0.55 Dagskrárlok.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
- 7.50 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsen, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
- 8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Helga Þorgils Friðjónssyni myndlistarmanni. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Jóhannes 9, 1-11.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** - Reger, Liszt og Busoni.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Unni Gunnarsdóttur Sande í Osló. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
- 11.00 **Messa í Kópavogskirkju.** Prestur: Séra Árni Pálsson.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.
- 14.00 **Unglingur í einræðisríki.** Dagskrá þýska rithöfundinn Günter Grass og sögu hans, Kött og mús. Umsjón: Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir. Lesarar: Guðlaug María Bjarnadóttir og Sigurbór A. Heimisson.
- 14.50 **Rafaelhljómsveitin leikur Ham-ingjuvalsinn** eftir Franz von Suppe.
- 15.10 **Í góðu tómi** með Péttri Eggerz.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Framhaldsleikrit barna og ungl-inga:** Heiða eftir Jóhönnu Spyri. Kari Borg Mannsaker bjó til flutning í útvarpi. Fyrsti þáttur af fjórum. Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir. Sögumaður og leikstjóri: Gisli Halldórsson. Leikendur: Ragnheiður Steindórsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Jónína M. Ólafsdóttir, Guðný Sigurðardóttir, Helga Valtýsdóttir, Sigríður Hagalín, Gestur Pálsson og Valdimar Lárusson.
- 17.00 **Alceste eftir Georg Friedrich Händel.** Emma Kirkby, Judith Nelson og David Thomas syngja með kór og hljómsveit Academy of Ancient Music; Christopher Hogwood stjórnar.
- 18.00 **Kyrrstað lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Abættir.** ● Itzhak Perlman leikur Caprisur eftir Nicolo Paganini. ● Walter Klein leikur á pianó Tólf tilbrigði við lagið A.B.C.D. eftir Wolfgang Amadeus Mozart.

- 20.00 **Á þeysireið um Bandaríkin.** Umsjón: Bryndis Viglundsóttir.
- 20.15 **Íslensk tónlist.**
- 21.00 **Húsin í fjörinni.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri.) (Endurtekinn þáttur frá liðnu sumri.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökuls-son les þýðingu sína, sögulek (19).
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Úr diskasafninu.** Askell Þóris-son leikur tónlist af eigin hljómdiskum. (Frá Akureyri.)
- 23.00 **Frjálsar hendur.** Illugi Jökuls-son sér um þáttinn.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Sigild tónlist í helgarlok** - Marcello, Bach og Mozart.
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútlarp á báðum rásum til morguns.**



FM 90.1

8.10 Áfram Ísland.

9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svav-ari Gestu.** Sigild dægurlög, fróð-leiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.

- 11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Sýkurmólarinn og tónlist þeirra.** Skúli Helgason rekur tónlistarfer-il Molanna og ræðir við þá. Síð-ari þáttur. (Einnig útvarpað að-faranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 14.00 **Spilakassinn.** Hlustendaleikur Rásar 2. Umsjón: Jón Gröndal. Dómari: Adolf H. Petersen.
- 16.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins rómaða, Bobs Dyl-ans. Fimmti þáttur af sex. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ymsum átt-um. (Frá Akureyri)
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað kl. 1.00.)
- 20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitátónlist.

- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Klippt og skorið.** Úrval úr tónlist-ardagskrá Rásar 2, plötudómar og fleira. Pulur: Áslaug Dóra Eyjólf-sdóttir.
- 0.00 **Næturútlarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTLARP

- 1.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Endurtekinn sjó-mannapáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Djassþáttur.** - Jón Múli Arna-son. (Endurtekinn frá miðviku-dagskvöldi á Rás 1.)
- 3.00 **Ljúfingslög.** Svanhildur Jakobs-dóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Undir væðarvoð.** Ljóf lög undir morgun.
- 0.30 **Veðurfregnir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsam-göngum.**
- 5.01 **Suður um höfin.** Lög af suðræn-um slóðum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsam-göngum.**
- 6.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.



- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hlustendur vaktir með ljúfum tónum og Halli spilar örugglega óskalagið þitt.
- 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Sérvalinn tónlist.
- 20.00 **Pia Hanson.** Þá er vinnuvikan framundan og stressið en Pia Hanson undirbyr ykkur með góðri tónlist.
- 24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.



- 7.00 **Stefán Baxter.** „Ó-þunnur“.
- 15.00 **Felix Bergsson.**
- 18.00 **Klemens Arnason.**
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 1.00 **Páll Sævar Guðnason.**



FM 104.8

- 12.00 **MS.**
- 14.00 **IR.**
- 16.00 **MK.**
- 18.00 **FA.**
- 20.00 **FB.**
- 22.00 **Neðanjarðargöngin.**
- 1.00 **Dagskrárlok.**



- 10.00 **Tónspottinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslensk-um hljóðfæraleikurum, kórurum og einsöngvurum. Umsjón hefur Soffía Sigurðardóttir.

- 12.00 **Djass & blús** í umsjá Tómasar R. Einarssonar.
- 13.00 **Tónleikar í Félagsheimilli tónlist-armanna.** Bein útsending.
- 19.00 **Gulrót.** Guðlaugur Harðarson.
- 20.00 **Fés.** Unglingapáttur í umsjá Dags og Daða.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Arna Kristinssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
- 6.00 **Grínioðan.** Barnaefni.
- 10.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
- 11.00 **Beyond 2000.** Vísindapáttur.
- 12.00 **That's Incredible.** Fræðslu-mynd.
- 13.00 **Fjölbragðaglima (Wrestling).**
- 14.00 **The Incredible Hulk.** Spennu-myndaflokkur
- 15.00 **Emergency.** Framhaldsmýnda-flokkur.
- 16.00 **Eight is Enough.** Framhalds-myndaflokkur.
- 17.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 18.00 **21 Jump Street.** Spennumýnda-flokkur.
- 19.00 **Carmen.** Ópera.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.30 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaíðnaðinum.
- 23.30 **Poppþáttur.**



- 13.00 **Star Wars.**
- 15.00 **Broadway Danny Rose.**
- 17.00 **The Dark Crystal.**
- 19.00 **The Color Purple.**
- 21.30 **Monthly Python Live at the Hollywood Bowl.**
- 23.00 **Johnny Dangerously.**
- 00.45 **The Name of the Rose.**
- 03.00 **To Be or Not To B.**



- 9.00 **Blak.** Evrópu-meistarakeppnin í Svíþjóð.
- 10.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
- 11.00 **The Eurosport Sunday Special.** Í þessum fimm tíma þætti verður fylgst með landsliðskeppninni í golfi sem fram fer á St. Andrews, loka-degi í hjólreiðakeppninni The Nissan Classic og Formula 1 kappakstri sem fram fer á Spáni.
- 16.00 **Blak.** Evrópu-meistarakeppnin í Svíþjóð.
- 18.00 **Fótbolti.** Úrvalsleikir.
- 19.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
- 20.00 **Golf.** The Dunhill Cup. Keppni landsliða sem fram fer á St. Andrews í Skotlandi.
- 22.00 **Kappakstur.** Formula 1 á Spáni.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 10.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
- 11.00 **Tiskupáttur.**
- 11.30 **Today's World.** Fréttapáttur.
- 12.00 **Trúarþáttur.**
- 12.30 **Poppþáttur.**
- 13.30 **Dundee and the Culhane.**
- 14.30 **Euro Magazine.**
- 14.45 **Tónlist og tiska.**
- 16.30 **Veröldin á morgun.**
- 17.00 **European Business Weekly.** Viðskiptapáttur.
- 17.30 **Roving Report.** Fréttaskýringa-þáttur
- 18.00 **Viðskiptapáttur.**
- 18.30 **Richard Diamond.** Sakamála-myndaflokkur.
- 19.00 **Breski vinsældalistinn.**
- 20.00 **Arizona Raiders.** Kvikmynd.
- 21.30 **Tiska og tónlist.**



David Suchet leikur Hercule Poirot. Hann er hér á mynd-inni ásamt Waverly-feðgunum sem koma mikið við sögu í kvöld.

Stöð 2 kl. 20.50:

Hercule Poirot

Þættirnir um litla belgíska leynilögreglumanninn, Hercule Poirot, hafa vakið verðskuldaða athygli enda er hér um að ræða skemmtilega og vandaða þætti þar sem David Suchet leikur þennan persónugerving Agöthu Christie með samblandi af hümör og alvöru.

Þátturinn í kvöld heitir Ævintýri Johnnie Waverly og fær Poirot það verkefni að hafa uppi á mönnum sem hóta að ræna þriggja ára syni Marcusar Waverly. Lögreglan neitar að skipta sér af málinu þar sem ekki er búið að ræna drengnum.

Ekki verður hér sagt frá því hvort drengnum verður rænt eða ekki enda eru þættir þessir bestir viti áhorfandinn ekki neitt fyrirfram. Margt óvænt kemur upp á yfirborðið þegar gráu heilasellurnar hjá Hercule Poirot fara að starfa af fullum krafti.

Rás 1 kl. 13.00:

Hádegisstund í útvarpshúsinu

Á sunnudögum í vetur mun Ævar Kjartansson taka á móti gestum í leiklistarstúdíó Útvarpsins við Efstaleiti. Tónlistarfólk, leikarar og skáld koma í beina útsendingu og gefa hlustendum sýnishorn af því sem þau eru að fást við. Þótt aðaláherslan verði lögð á flutning tals og tóna í beinni útsendingu gefst einnig færi á því að kynnast lista-fólkinu í spjalli. Jón Örn Marinósson mun auka á eða draga úr háttföleika stundarinnar með stuttri hugvektu.

Af hálfu útvarpsins er lögð áhersla á að Hádegisstundin gefi vandaða hljóðmynd af list og listafólki. Tíminn er valinn með það í huga að fólk geti hlustað á vandaða stereouútsendingu heima hjá sér eða í bílnum.

Fyrstu sunnudagsgestirnir verða sönghópur sem kallar sig upp á frönsku Ensemble l'homme armé og ljóðskáldið Steinunn Sigurðardóttir.

Stöð 2 kl. 16:

Heimshornarokk

Heimshornarokk eða Big World Café, eins og þættirnir heita á frummálinu, er röð tíu tónlistarþátta þar sem ferðast er heimshorna á milli og filmaðir konsertar með mjög frægum poppstjörnum sem og minna þekktum. Reynt er að hafa hvern þátt um sig sem fjölbreyttastan og er tónlist-inni dreift á marga í senn.

Í dag er annar þátturinn og meðal þeirra sem koma fram eru Gloria Estefan and The Miami Sound and New Order sem eru sjálfsagt þekktustu listamennirnir. Aðrir eru nánast óþekktir hér á landi, má þar nefna Les negresses vertes, Erotic Dissidents, Julia Fordham og Cleveland Watkiss. Hvernig tónlist þessi framandlegu nöfn leika kemur í ljós í eftirmíðdaginn á sunnudaginn. Eitt má þó fræða lesand-ann um, að tónlist Cleveland Watkiss er upprunnin úr djass-inum.

-HK

Sjónvarp kl. 18.00:

Sumarglugginn

Í Sumarglugganum í dag verður fylgst með stelpu sem fer í fjöruferð. Padding-ton og Helga kynna sér handboltaiþróttina í Frí-stund og Guðrún Marinós-dóttir les sögu af Dolla dropa.

Teikningar og teikni-myndir verða svo á sínum stað. Má þar nefna Ungfr-urnar, Bangsa litla og þri-burana: Tvær nýjar teikni-myndir verða sýndar, Músi prófessor og Doddi í Leik-fangalandi, en Dodda kann-ast sjálfsagt mörg börn við. Umsjónarmaður Sumar-gluggans er Árný Jóhanns-dóttir.



Paddington kannar hand-boltaíþróttina í Sumar-glugganum.